

Leiðbeiningar um ritun greina í Þroskaþjálfann

Greinar í Þroskaþjálfanum þurfa að vera vel unnar og settar fram með lesandann í huga. Þær þurfa að vera áhugaverðar og faginu til framdráttar. Huga þarf að málfari og stíl greinarinnar. Greinarnar geta fjallað um margvísleg viðfangsefni þroskaþjálfunar eða efni sem snertir störf, starfsvettvang eða starfshætti þroskaþjálfara. Sé um að ræða greinar byggðar á skólaverkefnum þarf höfundur að vera meðvitaður um að grein í fagblaði er annað en stytt verkefni. Gera má ráð fyrir að skrifa megi margar greinar um efni MA verkefnis. Til að grein sé góð er ekki nóg að taka verkefnið og klippa niður oftast þarf að skrifa greinina frá grunni en byggja á efni verkefnisins eða hluta þess. Sé grein byggð á námsverkefni er gagnlegt fyrir lesanda að fram komi hver námsleiðin er og jafnframt hver leiðbeinandi var.

Greinin byggir gjarnan á fræðilegum heimildum, þekkingu, reynslu eða athugunum höfunda.

Uppbygging greinar

Höfundur greinar skal vera meðvitaður um hvað hann er að skrifa um og fyrir hverja. Hvað ætlar hann að setja fram og hvernig. Góðar fræðigreinar skila efninu á skýran hátt en eru um leið áhugaverðar aflestrar.

Fyrirsögn þarf að vekja áhuga lesenda og vera í samræmi við efni greinarinnar.

Inngangurinn þarf að segja nokkuð um efnið og vera nægilega áhugaverður til að fólk haldi áfram að lesa. Það þarf að draga fram það sem getur talist vandamál og þarf að leysa. Til að vekja áhuga lesenda getur verið gott að tengja efnið við veruleika lesenda með því t.d. að vísa til atvika sem fólk þekkir til eða vísa til reynslu lesenda.

Inngangurinn á ekki að vera upptalning á öllu sem fjallað verður um heldur kynning á efni greinarinnar. Í lok inngangs er gjarnan sett fram markmið með greininni.

Meginmál er eins og í orðinu felst aðalefni greinarinnar. Þar skal fjallað um efnið. Þar eru settar fram fullyrðingar, ályktanir rökstuddar, útskýrðar og studdar dæmum og rannsóknarniðurstöðum. Meginmálið þarf að vera í góðu samhengi við það sem áður er sett fram. Nota má millifyrirsagnir til að setja efnið fram á skýrari máta. Þær þurfa að

vera skýrar og hafa það markmið að gera greinina aðgengilegri. Þær þurfa jafnframt að kynna innihald og vekja áhuga.

Mikilvægt er að höfundur noti skiljanlegt og gott íslenskt mál. Þýdd fagorð þarf að fara gætilega með, eitt íslenskt orð nær ekki alltaf meiningunni þegar þýtt er. Forðast skal skammstafanir og neðanmálsgreinar.

Uppbygging greinarinnar skal vera góð, skil milli inngangs, meginmáls og lokaorða skýr en samhengi milli þessara þátta sé þó gott. Málsgreinar skulu ekki vera of langar eða flóknar. Huga þarf að efnisröðun í meginmáli sem og kaflaskiptingu.

Höfundur verður að vera meðvitaður um fyrir hvern hann er að skrifa og fjalla um efnið með það í huga hvað lesendur vita, hvernig snertir efnið þá, hvað þurfa þeir að vita og hvað vekur áhuga þeirra?

Töflur og myndir eru ekki nauðsynlegar í fræðigreinum en rétt notaðar geta þær bætt við efnið. Þær skyldu þó ekki koma í stað útskýringa í megintexta heldur vera til frekari útskýringar. Mikilvægt er að þær séu á viðeigandi stað í textanum og þær verða að tengjast efninu. Myndir og töflur skulu hafa númer og titil undir mynd. Þær eru staðsettar aftast í handriti en merkt er við í texta hvar þær eiga að birtast.

Lokaorð þurfa að vera í samræmi við innganginn en jafnframt í eðlilegu framhaldi af meginmálinu. Tvær leiðir eru einkum farnar, annars vegar stutt samantekt á því mikilvægasta sem sett hefur verið fram í greininni. Hins vegar er sett fram niðurstaða sem byggir á því sem fjallað hefur verið um í meginmálinu. Þegar lokaorð eru rituð þarf að huga vel að markmiðum með skrifunum. Lokaorð þurfa að draga fram helstu atriði greinarinnar og vera áhrifarík.

Heimildaskrá. Séu notaðar heimildir skal vísað í þær skv. APA staðli. Heimildaskrá skal einnig gerð samkvæmt APA staðli. Nánari upplýsingar um hann má finna í Gagnfræðakveri handa framhaldsskólanemum eftir Friðrik H. Jónsson og Sigurð J. Grétarsson.

Frágangur handrits:

Greinar skulu sendar á netfang útgáfuráðs utgafa@throska.is

Leturgerð: Times new Roman 12 pkt.

Fyrirsagnir skulu feitletraðar en ekki vera í öðrum lit eða með öðru letri.

Nota skal íslenskar gæsalappir.

Töflur og myndir skulu merktar með titli og númeri og merkt hvar í skjali þær eiga að vera en fylgja með aftast í skjali. Myndir skulu vera á JPG formi í góðri upplausn en töflur í Excel.

Lengd greina skal vera 1500-3000 orð.

Grein skal fylgja mynd af höfundi.

Jafnframt skal fylgja með stutt ágríp af menntun og störfum höfundar.